

13. gr.

Síðari málsl. 1. málsgr. og 2. og 3. málsgr. 24. gr. laganna falli burt.

103

23. des.

14. gr.

Í stað orðanna „í sviksamlegum tilgangi“ í 1. másl. 25. gr. laganna komi: af vítaverðu hirðuleysi.

15. gr.

Á eftir orðunum „þau tjón“ í niðurlagi 2. málsgr. 29. gr. laganna komi: á skipum hans.

16. gr.

Við 3. málsgr. 30. gr. laganna bætist: Krefjast skal lögtaks, ef ofangreind gjöld hafa ekki verið greidd áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, enda séu gjalddagar iðgjalda tvisvar á ári. Ákvæði þetta snertir þó ekki gildi lögveðs- og lögtaksréttar.

17. gr.

Eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Krafa um endurgreiðslu iðgjalds verður því aðeins tekin til greina, að hún sé komin Samábyrgðinni í hendur áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lokum váttryggingarársins.

18. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sam- einast, eða Samábyrgðin tekur við tryggingunum, ganga eignir þeirra til þess aðila, sem tekur við tryggingarstarfseminni á félagssvæðinu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

104

27. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

104
27. des.

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

105
27. des.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1953 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1952, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

106
27. des.

L Ö G

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1953 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á